

Hjúkrunarfræðingar í máli og myndum

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur að undanfögnu lagt ríka áherslu á ímyndarmál og á afmælisárinu hafa til dæmis vikuleg viðtöl við hjúkrunarfræðinga verið birt á samfélagsmiðlum, þeir teknir tali í útvarpi og greinar þeirra birtar í dagblöðum. Í vor var útbúið myndband sem dreift var á samfélagsmiðlum til að vekja athygli á brottfalli hjúkrunarfræðinga úr starfi. Þar var rætt við fjóra hjúkrunarfræðinga sem starfa við annað en hjúkrun.

„Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að fimmti hver hjúkrunarfræðingur hættir að starfa við hjúkrun fimm árum eftir útskrift. Þar fyrir utan hefur verið viðvarandi skortur á hjúkrunarfræðingum sem hefur mikil áhrif á allt heilbrigðiskerfið — og í raun allt þjóðfélagið,“ segir Edda Dröfn Daniélsdóttir, sviðstjóri fagsviðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Þegar mest á reynir!

Á alþjóðadegi hjúkrunarfræðinga, 12. maí, var hrundið af stað kynningarherferðinni *Þegar mest á reynir* og voru myndir af 25 hjúkrunarfræðingum við fjölbreytileg störf birtar á 100 strætóskýlum borgarinnar vikuna 7.–14. maí. Markmið herferðarinnar var meðal annars að vekja athygli á fjölbreyttum störfum hjúkrunarfræðinga og mikilvægi þeirra í heilbrigðiskerfinu. „Það er mikilvægt að halda áfram að vinna að ímyndarmálum hjúkrunarfræðinga og vekja athygli á fjölbreyttum störfum þeirra,“ segir Edda.



Edda Dröfn Daniélsdóttir.

